



Reykjavík 9. desember 2021

### **Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, mál nr. 1**

Hinn 1. desember sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp til fjárlaga 2022 frá Fjárlaganefnd Alþingis. Frestur til að skila umsögn var veittur til og með 9. desember 2021. Þar kemur fram að tíminn sé knappur og óvíst hvort boðað yrði til fundar með umsagnaraðilum í kjölfar umsagnar. SAF vilja byrja á að benda á mikilvægi þess að samtökunum verði veitt tækifæri til að koma og skýra betur sín sjónarmið á fundi með nefndinni enda hefur ferðaþjónustan verið sú atvinnugrein sem orðið hefur fyrir hvað mestu tjóni af völdum kórónukreppunnar sl. tvö ár.

### **Bjartsýni í fjárlagafrumvarpinu og umfjöllun um góðan árangur**

Í nýjum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna koma fram helstu áherslur ríkisstjórnarinnar næstu fjögur ár. Í beiðni frá Fjárlaganefnd var bent á að fjárlagafrumvarpið (hér eftir frumvarpið) byggðist að verulegu leiti á samþykktri fjármálaáætlun síðasta þings. Því hafa fjögur fyrirheit stjórnarflokkana að takmörkuðu leiti ratað í fjárlagafrumvarpið sjálft. Hljóð og mynd virðast því á köflum ekki fara saman. Fjárlaganefnd gefst því tækifæri til að uppfæra frumvarpið í samræmi við stjórnarsáttmálann.

Í frumvarpinu er mikið gert úr því að staðan í efnahagsmálum sé betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum líðandi árs. Það er jákvætt. Þá er bent á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum kórónuveirunnar hafi skilað góðum árangri.

SAF taka undir að í heildina litið hafi tekist vel að styðja við fyrirtæki ferðaþjónustu sl. tvö ár en þó er mikilvægt að hafa í huga að enn er langt í land að staðan sé á pari við árin fyrir faraldur. Í frumvarpinu kemur fram að hagvöxtur 2022 verði m.a. drifinn áfram af bata í ferðaþjónustu. Fjöldi ferðamanna ríflega tvöfaldist og um 1,4 milljónir heimsæki landið. Þá er gert ráð fyrir að meðalútgjöld á ferðamann vaxi um 30% borið saman við árið 2019. SAF telja að á köflum gæti fullmikillar bjartsýni í frumvarpinu þó það séu sannanlega jákvæð teikn á lofti. Það er eðlilegt að sértækar stuðningsaðgerðir renni sitt skeið en þær gætu verið nauðsynlegar til að væntingar um efnahagsbata rætist á óvissutímum.

Spár um að erlendir ferðamenn muni halda áfram að dvelja lengur og eyða meiru er frekar byggt á óskhyggju en raunverulegum rannsóknum. Í faraldrinum hafa efnameiri ferðmenn, eða þeir sem ekki hafa orðið fyrir efnahagslegum skakkaföllum vegna faraldursins heima fyrir, helst lagt það á sig að ferðast. Flug er dýrara nú en áður og hættan á að það þurfi að takast á við áföll getur sett stein í götu efnaminni ferðamanna.

Flugframboð hefur minnkað og ekki síst framboð á ódýrari flugsætum, því hefur þeim hópi ferðamanna sem kom til Íslands fyrst og fremst vegna ódýrra flugmiða (t.d. í stuttar ódýrar helgarferðir) fækkað verulega með þeim áhrifum að meðaltekjur af hverjum ferðamanni hafa hækkað.

Strax á næsta ári má búast við að lággjaldaflugfélög auki flugframboð sitt til landsins og þá má búast við að fleiri efnaminni ferðamenn leggi leið sína til landsins. Meðaltekjur á hvern ferðamann munu þá sennilega falla í átt að því sem var fyrir faraldurinn.

Til að auka þekkingu á hvernig og hvað þurfi til að ná til mismunandi/nýrra markhópa á mikilvægum mörkuðum s.s. efnameiri ferðamanna er mikilvægt að auka framlög til rannsókna á því sviði. SAF hafa lengi talað fyrir mikilvægi þess að auka verulega við fjármagn til rannsókna í atvinnugreininni. Það styður við stefnumörkun stjórnvalda jafnt sem fyrirtækja.

Einmitt nú er mikilvægt að auka við rannsóknir, nýta tímann til að finna skýringar á því af hverju erlendir ferðamenn dvelja lengur en áður og hvaða innviði þurfi að styrkja til að viðhalda því ástandi. Reynslugögn og greinargóðar upplýsingar eru forsenda vandaðrar áætlanagerðar í ríkisfjármálum.

### **Fjármögnun markaðssetningarverkefnisins Saman í sókn**

SAF telja að þær áherslur sem settar eru fram í stjórnarsáttmála séu skýrar og jákvæðar en slíkum áherslum verður að fylgja eftir með fjármagni til aðgerða. Því miður vantar verulega upp á að frumvarpið sýni að ríkisstjórnin hyggist fylgja áherslum um ferðaþjónustu í stjórnarsáttmála eftir. Samtök ferðaþjónustunnar hvetja fjárlaganefnd eindregið til að nýta vel tækifærið sem nefndin hefur til að koma á betri samhljómi milli þessara tveggja fyrstu grundvallarskjala nýrrar ríkisstjórnar.

Stjórnarsáttmálinn nefnir að horft verði til að framlengja verkefnið *Saman í sókn*, markaðsáttak stjórnvalda, greinarinnar og Íslandsstofu, til að stuðla að nauðsynlegri viðspyrnu í ferðaþjónustu og efnahagslífi í kjölfar covid-19. Í frumvarpinu er ekki að sjá að lagt verði til fjármagn í þetta mikilvæga verkefni. Það verður að leiðrétta til að forsendur frumvarpsins standist.

Samkvæmt útreikningum Íslandsstofu, byggt á reynslu undanfarinna ára, er fjárfesting í neytendamarkaðssetningu gagnvart ferðamönnum fyrir áfangastaðinn Ísland ein arðbærasta fjárfesting ríkisins, en fjármagn í neytendamarkaðssetningu skilar sér um tuttugu og sex falt (ROI 26:1) til baka í formi gjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum til samfélagsins.

Markaðsverkefnið *Saman í sókn* hefur þegar skilað miklum mælanlegum árangri og hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg og virt verðlaun. Það er gríðarmikilvægt að um 6-700 milljónum króna verði varið til framhalds verkefnisins á árinu 2022 því að öðrum kosti er hætt á að Ísland muni verða undir í harðri baráttu um verðmæta ferðamenn.

Bjartsýnasta spá frumvarpsins gerir ráð fyrir að 1,4 milljónir ferðamanna heimsæki landið strax á næsta ári. Það myndi þýða að fjöldi þeirra myndi tvöfaldast frá líðandi ári. Stjórnvöld gera einnig ráð fyrir því að erlendir ferðamenn dveljist áfram lengur hér á landi og haldi áfram að eyða meiri fjármunum en áður. Þetta er alls ekki sjálfgefið. Verði ekki aukið við fjármagn til verkefnisins *Saman í sókn* mun þá þegar vera ljóst að forsendur frumvarpsins um fjölda og verðmæti af ferðaþjónustu verða brostnar.

Allar áætlanir hins opinbera gera ráð fyrir góðri viðspyrnu í ferðaþjónustu strax á næsta ári. Ef ekki er gert ráð fyrir fjármagni til framlengingar verkefnisins *Saman í sókn* á árinu 2022 er mikil hætt á að svartsýnustu spár frumvarpsins rætist og að fjöldi erlendra ferðamanna verði nær 800 þúsundum.

Augljóst er að staðan í efnahagsmálum verður þá önnur og verri. Þótt aukinn ferðalög séu efst á forgangslista fólks samkvæmt markaðsrannsóknnum á Evrópumörkuðum<sup>1</sup> er ekki sjálfgefið að þeir komi til Íslands. Það er nauðsynlegt að auglýsa vöruna, Ísland, á mörkuðunum til að viðskiptavin kaupir ferð til Íslands frekar en til annarra áfangastaða.

Að mati SAF er þetta samhengi mjög einfalt – ef forsendur fjárlaga 2022 eiga að standast þarf að leggja verulegt fjármagn til neytendamarkaðssetningar Íslandsstofu vegna ferðaþjónustu.

**Breytingatillaga SAF: Fjárveiting til málefnasviðs 14 verði hækkuð um 700 m.kr. til að fjármagna markaðssetningarverkefnið *Saman í sókn* á árinu 2022, í samræmi við markmið í stjórnarsáttmála um framlengingu verkefnisins.**

### Skattastyrkir

Í frumvarpinu á bls. 115 og áfram er umfjöllun um skattastyrki. Tilgangur umfjöllunarinnar er að draga fram aðkomu ríkisins að ýmsum málefnum í formi fjárhagslegs stuðning sem ríkið veitir í gegnum skattkerfið fremur en með fjárframlögum sem færast á gjaldahliðina. Framsetning „skattastyrkja“ í frumvarpinu er eins og svo oft áður villandi, því ríkið er ekki að leggja þessa fjármuni til ferðaþjónustunnar heldur er um að ræða væntar tekjur eða mögulegar tekjur ef hluti ferðaþjónustunnar væri í hærra skattþrepi.

Á síðastliðnum árum hefur SAF ítrekað bent á að hærra skattþrep virðisaukaskatts á ferðaþjónustu myndi lækka tekjur ríkisins af ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan á í beinni og harðri alþjóðlegri verðsamkeppni við erlenda vöru og þjónustu þegar kemur að vali á áfangastað. SAF hafa áður bent á að einfalt er að líta til reynslu nágrannaþjóða í þessum efnum. Um þessar mundir er vart nokkurt Evrópuríki þar sem ekki fer fram umræða um að lækka VSK á ferðaþjónustu til að örva viðspyrnu greinarinnar og jákvæð áhrif hennar á efnahagslíf. Útreikningur á skattastyrkjum til ferðaþjónustu er því augljóslega rangur og hefur verið rangur í mörg ár.

SAF krefjast þess að umfjöllun um skattastyrki í frumvarpinu með þessum hætti verði hætt enda eru mun fleiri form á styrkjum til hinna ýmissa atvinnugreina en það er ekki tekið til greina í þessari töflu. Að draga þessa tegund skatta út fyrir sviga er villandi og tilgangslaus framsetning.

**Breytingatillaga SAF: Útreikningar á skattastyrkjum ferðaþjónustu verði leiðréttir svo þeir taki mið af raunverulegum áhrifum þess ef ferðaþjónusta væri í hæsta VSK þrepi, eða umfjöllunin að öðrum kosti fjarlægð úr frumvarpinu.**

### Gistináttaskattur

Niðurfelling gistináttaskatts frá apríl 2020 til desember 2021, var ein af aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldursins og í frumvarpinu er það úrræði framlengt til loka árs 2023. Samtökin fagna þeirri ráðstöfun og minna á þá afstöðu sína að engin rök mæli með endurupptöku gistináttaskatts. SAF hvetja stjórnvöld því til að leggja skattinn af til frambúðar.

Gistináttaskattur er slæm leið til innheimtu gjalds af ferðamönnum af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess hve ójafnt hann leggst á seljendur gistingar og skekkir því samkeppni. Af sömu ástæðum leggst gistináttaskattur einnig ójafnt á ferðamenn og uppfyllir því alls ekki markmið löggjafans með álagningu skattsins.

**Breytingatillaga SAF: Samtökin leggja til að gistináttaskattur verði lagður af til frambúðar.**

## Átakið Hefjum störf

Fyrr á þessu ári var fyrirtækjum var veitt úrræði fyrr á þessu ári til að ráða atvinnuleitendur sem hafa verið á atvinnuleysisráði í að minnsta kosti 12 mánuði styrk sem nemur fullum mánaðarlaunum að hámarki 472.835 á mánuði að viðbættu 11,5% mótframlagi í lífeyrissjóð í að allt að sex mánuði.

Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar voru rúmlega 10 þúsund manns atvinnulausir í október 2021 eða um 4,7% af áætluðu vinnuafli alls. Þar af voru rösklega 2.000 sem höfðu starfað við ferðaþjónustu eða um 1% af vinnuafli alls. Nálægt 60% af þeim sem voru á hlutabótum (heildarfjöldi í maí 2021 var 4.268) höfðu starfað við ferðaþjónustu (fjöldi í apríl 2021 2.454). Sennilega er hluti af þeim nú starfandi undir merkjum *Hefjum störf* en það er átak sem gerði fyrirtækjum einnig kleift að sækja um styrk fyrir starfsmenn sem fengu greiddar hlutabætur. Það gefur til kynna að ekki sé allt sem sýnist í lágum tölum um fjölda atvinnulausra.

Ljóst er að fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja gat nýtt sér átakið þó að mismunandi marki væri. Þar sem áhrifa faraldursins gætir enn og fyrirséð að þeirra muni gæta áfram er ljóst að mikilvægt er að átakið verði framlengt til að auka líkur á að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við starfsfólk í vetur.

**SAF vekja því athygli fjárlaganefndar á að samtökin hyggjast leggja fram tillögu til Efnahags- og skattanefndar um framlengingu átaksins *Hefjum störf* til 1. júní 2022 og lengingu ráðningartíma úr 6 mánuðum í 12 mánuði.**

### Málefnasvið 14 – Ferðaþjónusta

SAF undirstrika að það er hlutverk stjórnvalda að skapa gott starfsumhverfi og samkeppnishæf rekstrarskilyrði fyrir atvinnulíf til að fyrirtæki geti skapað sem mest verðmæti fyrir samfélagið. Málefnasvið 14 telur fjölda mikilvægra verkefna sem hafa bein áhrif á samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja og möguleika þeirra til verðmætasköpunar fyrir samfélagið.

Það veldur því verulegum vonbrigðum að útgjöld til málefnasviðs 14 eiga nú að lækka um samtals 518 m.kr., sérstaklega í ljósi þess að í flestum öðrum málaflokkum hækka útgjöldin (eins og sést í töflu á bls. 126). Fjárveitingar til verkefna sem falla undir rannsóknir og þróunarvinnu á sviði ferðamála og uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum lækka sem mikil þörf er á að væru varanleg. Boðuð lækkun er því í algerrri þversögn við áherslur í glænýjum stjórnarsáttmála.

Í stjórnarsáttmála er vitnað beint í Framtíðarsýn og leiðarljós ferðaþjónustu til 2030, stefnuramma fyrir greinina sem unninn var í samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar. Þar er einnig rætt sérstaklega um að ljúka þurfi aðgerðabundinni stefnumörkun á grundvelli stefnurammans (sem var hafin 2019). Til að þessi fyrirheit verði meira en orð á blaði mun þurfa að vinna fjölmörg mikilvæg og kostnaðarsöm verkefni innan málaflokksins á næstu fjórum árum sem ef vel tekst til munu leiða af sér aukna verðmætasköpun sterkara efnahags- og atvinnulífs, öflugra nýsköpun, jákvæða byggðapróun og bætt lífskjör til langs tíma. Lækkun fjármagns til málefnasviðs ferðaþjónustu gefur afar slök fyrirheit um ætlan ríkisstjórnarinnar sé að uppfylla þessi markmið.

Samtök ferðaþjónustunnar benda nefndinni á að hægt er að sjá hluta af þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu fjórum árum á vefnum <http://vidspyrnan.is>. Þar er að finna tillögur til að efla viðspyrnu ferðaþjónustunnar (og þar með efnahagslífs landsins) sem hafa verið unnar í samræmi við Framtíðarsýn ferðaþjónustu til 2030 og gefa hugmynd um umfang þeirra verkefna sem nauðsynlegt er að vinna skv. áherslum í stjórnarsáttmálanum. SAF hvetja nefndarmenn eindregið til að kynna sér Viðspyrnuvefinn vel og nýta þær tillögur sem þar koma fram.

Af tillögnum er augljóst að mikil þörf er fyrir aukið fjármagn til málefnasviðs 14 strax á næsta ári ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að ná árangri í þessum málaflokki. Jafnframt er rétt að minna á að ferðaþjónusta er sá málaflokkur sem ef rétt er á málum haldið mun skila hundruðum milljarða inn í þjóðarþúið á næstu árum. Öfugt við ýmsa aðra málaflokka búa auknar fjárveitingar til málefnasviðs ferðaþjónustu því til meiri tekjur fyrir ríkissjóð og eru því arðbær fjárfesting en ekki kostnaður.

**Breytingatillaga SAF: Nefndin leggi til 60 m.kr. hækkun á fjárveitingu til málefnasviðs 14 til að fjármagna gerð aðgerðaáætlunar sem styður við bæði langtímamarkmið í Framtíðarsýn ferðaþjónustu til 2030 og áhersluatriðin 12 sem henni fylgdu, sbr. stjórnarsáttmála, Einnig í samræmi við markmið 1 (Aukin verðmætasköpun) um mótun og innleiðingu stefnu um uppbyggingu og þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.**

### **Ferðaþjónustureikningar og Jafnvægisás ferðamála**

Rannsóknir í ferðaþjónustu eiga að bæta áætlanagerð stjórnvalda og auðvelda fyrirtækjum að auka virðisauka í greininni. Ábatinn af rannsóknum í atvinnugreininni er gríðarlegur fyrir samfélagið og atvinnugreinina í heild og því þurfa rannsóknir í ferðaþjónustu að byggja á góðum grunni. Almennt telja SAF að um þessar mundir sé mikilvægara að beina meiri kröftum að betri gagnaöflun og rannsóknum á efnahagslegum þáttum og áhrifum greinarinnar en rannsóknum á þolmörkum.

Samtökin ítreka fyrri ábendingar um mikilvægi þess að stjórnvöld samræmi markmið og mælikvarða fyrir málefnasvið ferðaþjónustunnar við niðurstöður ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Account). Ferðaþjónustureikningar eru hliðarreikningar við alþjóðlegt kerfi þjóðhagsreikninga, samræmd aðferðafræði sem alþjóðasamtök og -stofnanir leggja til að notaðir séu til að tryggja sameiginlegan skilning á ferðaþjónustu landa.

Samþætting markmiða og viðmiða við alþjóðlega hagskýrslustaðla og þar með við stefnumörkun í opinberum fjármálum getur aukið samtal og samstarf milli ráðuneyta, stofnana hins opinbera og annarra aðila og bætt stefnumótun og eftirfylgni stefnumiða. SAF leggja enn og aftur þunga áherslu á að stjórnvöld bæti úr og taki upp mælikvarða á grunni niðurstaðna úr ferðaþjónustureikningum. Markmið um aukna verðmætasköpun og arðsemi umfram fjölda ferðamanna byggir t.a.m. á niðurstöðum reikninganna en eitt af meginmarkmiðum þeirra er að leggja mat á neyslu/útgjöld innlendra sem erlendra ferðamanna á áfangastað.

SAF telja mikilvægt að neysla erlendra og innlendra ferðamanna sé nýtt sem mælikvarði á eftirspurn ferðamanna hér á landi. SAF leggur þunga áherslu á að sá mælikvarði byggji á niðurstöðum í greiðslujöfnuði og ferðaþjónustureikningum. Mælikvarðinn er þekktur og hefur tilvísun í safn annarra alþjóðlegra staðla sem gefur færi á yfirsýn sem hjálpar til við alstefnumótun.

Vert er að benda á að hjá Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNWTO) og meðal alþjóðastofnana hefur átt sér stað mikil vinna við að tengja niðurstöður ferðaþjónustureikninga við aðra mikilvæga þjóðhagsreikninga, svokallaða umhverfisreikninga (e. System of Environmental Economic Accounting – SEEA) og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en slík tenging er grundvöllur mælinga á sjálfbærni ferðaþjónustu.

Að mati SAF er afar mikilvægt að nýta markvisst ofangreinda reikninga ekki síst til að meta ávinninginn eða virðisaukann af því að styðja við greinina. Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 ber yfirskriftina „Leiðandi í sjálfbærni“ og með öflugum greiningatæki ferðaþjónustureikninga, hliðarreikninga við þjóðhagsreikninga verður mun auðveldara að fylgjast með árangri af markmiðum stefnurammans.

## Óljós opinber stefna stjórnvalda í rannsóknum

Undanfarin ár hefur opinber stefna í rannsóknum í ferðaþjónustu verið óljós og illa fjármögnuð sem hefur skilað sér í því að markmið í stjórnarsáttmálum hafa ekki náðst fram. Þá eru gagnaöflun og rannsóknir enn ekki komnar á þann stað að styðja nægilega vel við áætlanagerð stjórnvalda og atvinnugreinarinnar.

Það hefur ítrekað komið fram í stefnuskjölum stjórnvalda að efla skuli rannsóknir og gagnavinnsla en það hefur verið minna um efndir. Afar litlu fjármagni hefur verið varið til rannsókna í ferðaþjónustu í samanburði við aðrar atvinnugreinar, til að mynda um tífalt lægri en framlög til rannsókna í sjávarútvegi þrátt fyrir að verðmætasköpun ferðaþjónustu hafi verið meiri um árabíl en í sjávarútvegi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla skuli rannsóknir, nýsköpun og menntun í ferðaþjónustu. Það kemur SAF því spáskt fyrir sjónir að í frumvarpinu skuli þvert á það markmið vera dregið úr fjárframlögum til þessara málaflokka.

Samtökin telja að fjármagn til rannsókna í ferðaþjónustu sé allt of lítið og að því sé ekki nægilega markvisst varið. Samtökin gerðu á sínum tíma ítarlegar athugasemdir í undirbúningi setningu reglugerðar nr. 20/2020 um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála og telja að ekki hafi verið nægilegt mark tekið á þeim athugasemdum. Samtökin telja t.d. að enn sé of mikil áhersla lögð á að rannsóknir í ferðamálum skuli taka mið af gagnaöflun fyrir þolmarkamælikvarða Jafnvægisáss ferðamála, jafnvel að því marki að það hafi hamlandi áhrif á aðrar mikilvægar rannsóknir í greininni. Þótt í Jafnvægisási ferðamála felist gagnlegir mælikvarðar á ýmis þolmörk er hann ekki og á ekki að vera upphaf og endir í rannsóknum í ferðaþjónustu.

Rannsóknir í ferðamálum eiga að vera í samræmi við þjóðarhag, á það hefur skort, bæði umfang og inntak. Rannsóknirnar þurfa að vera í betra samræmi við þarfir greinarinnar. Því leggja samtökin áherslu á að reglugerð nr. 20/2020 um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála verði endurskoðuð svo hún styðji betur við áætlanagerð og stefnumörkun stjórnvalda og fyrirtækja í ferðaþjónustu.

**Breytingatillaga SAF: Fjárveiting til málefnasviðs 14 verði hækkuð um 150 m.kr. til að auka og bæta rannsóknir í ferðaþjónustu, sbr. markmið í stjórnarsáttmála um eflingu rannsókna, nýsköpunar og menntunar í ferðaþjónustu.**

## Orkuskipti

Samtökin fagna áherslum um orkuskipti og loftslagsmál sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu sem eru metnaðarfull og í samræmi við það sem komið hefur fram í fjármálaáætlun á fyrri stigum. Mikilvægt er að stjórnvöld viðhaldi góðu samstarfi við atvinnulífið um að uppfylla opinber markmið og alþjóðleg viðmið kolefnislosunar. Þrátt fyrir góðan vilja sem varðar leiðina verða alltaf hindranir á veginum sem nauðsynlegt er að vinna úr til að geta mætt settum markmiðum og er Alþingi gríðarlega mikilvægur hlekkur í þeim efnum.

Í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er ákvæði til bráðabirgða nr. XXIV veitt tímabundin undanþága til niðurfellingar af virðisaukaskatti við kaup á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinn bifreiðum. Undanþágan er bundin við 15.000 bíla kvóta af hvorri tegund sem hefur í för með sér að á sjötta virka degi næsta mánaðar eftir að kvótanum er náð falla undanþágurnar úr gildi. Þá er einnig gert ráð fyrir að niðurfelling fyrir tengiltvinn bifreiðar muni lækka um helming nú um áramótin sem þýðir að verð þessara ökutækja mun hækka um 480 þúsund krónur.

Tengiltvinn bifreiðar eru gríðarlega mikilvæg ökutæki þegar kemur að tækifærum til orkuskipta fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu, en líka fyrir íbúa í dreifbýli þar sem uppbygging hleðsluinnviða hamlar enn

útbreiðslu hreinna rafbíla. Mikill áhugi er til staðar á hefðbundnum rafmagnsbílum í þéttbýli og væri eflaust enn meiri ef uppbygging á hleðsluinnviðum væri meiri en raun ber vitni.

Ljóst er að nýskráning vistvænna tengiltvinn ökutækja mun fylla þann kvóta sem settur hefur verið, snemma árið 2022 og líklegt er að kvóti rafknúinna ökutækja muni fyllast síðar á árinu. Þetta mun að óbreyttu hafa í för með sér að útsöluverð þeirra ökutækja sem um ræðir mun hækka á sjötta virka degi mánaðar eftir að kvótanum er náð, um það sem nemur nógildandi niðurfellingu. Fyrirsjáanleiki er því nánast enginn og munu hækkanir draga mikið úr eftirspurn á umræddum ökutækjum. Það mun hægja á orkuskiptum í samgöngum og takmarka mikið möguleika á að ná markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum sem m.a. kveða á um að 20% af skráðum bílaleigubílum verði vistvænir árið 2025.

Til að mæta markmiðum stjórnvalda og alþjóðlegum viðmiðum kolefnislosunar þurfa yfir helmingur fólksbílaflota landsins að ganga fyrir vistvænum orkugjöfum. Með það i huga leggja samtökin mikla áherslu á að endursala á ökutækjum sem fellur undir niðurfellingu á virðisaukaskatti skv. bráðabirgðaákvæði XXIV verði í samræmi við það sem í gildi var þegar niðurfelling er veitt. Samtökin hvetja einnig Alþingi og fjárlaganefnd að leggja til breytingu á bráðabirgðaákvæði XXIV í lögum um virðisaukaskatt og fjöldi tengiltvinn og rafmagns ökutækja verði aukinn með það að markmiði að viðhalda þeim góða takti sem náðst hefur í orkuskiptum. Þá er einnig gríðarlega mikilvægt að tengiltvinn bifreiðar njóti áfram sömu niðurfellingar og hefðbundin rafmagns ökutæki þar sem tengiltvinn ökutæki eru ein af forsendum orkuskipta á landsbyggðinni.

Þessar breytingar eru nauðsynlegar til að stjórnvöld geti staðið við þau fögru fyrirheit sem koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um orkuskipti og þá sérstaklega í ferðaþjónustu. Að öðrum kosti má reikna með að áætlanir í orkuskiptum fari nánast aftur á byrjunarreit.

Til að mæta markmiðum í nógildandi stjórnarsáttmála um markviss skref til orkuskipta í samgöngum og í ferðaþjónustu, m.a. um rafvæðingu bílaleigubíla og uppbyggingu hleðslunets um land allt

#### **Breytingatillaga SAF:**

- **Málslið verði bætt við bráðabirgðaákvæði XXXIX í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV er heimilt að fella niður virðisaukaskatt af fyrstu endursölu ökutækis skv. 1. mgr., hafi það verið undanþegið skattskyldri veltu samkvæmt ákvæði þessu.**
- **Í þriðju málsgrein bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum 50/1988 verði niðurfelling tengiltvinn bíla áfram 960.000 kr. með endurskoðun í lok árs 2022**
- **Í fimmtu málsgrein bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum 50/1988 verði heimilt að undanþygja að hámarki 4.000.000 kr. af skattskyldri veltu við sölu tengiltvinn bíla með endurskoðun í lok árs 2022**
- **Fjöldatakmörk ökutækja sem falla undir skilyrði í sjöundu málsgreinar bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt miðist við 30.000 í hverjum flokki með endurskoðun í lok árs 2023**

Ofangreindar tillögur eru einnig í samræmi við markmið 3 (Umhverfisleg sjálfbærni í ferðaþjónustu), sem fram koma undir málefnasviði 14 í framlögðu fjárlagafrumvarpi „Stuðningur við orkuskipti hjá bílaleigum“, sem styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.5 í fyrrgreindu frumvarpi.

## Samantekt

“Það er svo bággt að standa í stað, og mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið”. Það eru engin áhöld um að undirstaða velmegunar í samfélaginu er fólgin í umfangsmiklum viðskiptum við útlönd. Það hafa verið erlendir ferðamenn sem hafa verið helstu kaupendur af innlendri vöru- og þjónustu undanfarin ár. Hröð uppbygging í ferðaþjónustu síðasta áratuginn hefur gjörbylt efnahagslífi landsins, skapað verðmæti og störf, bætt lífskjör og umbylt byggðaðróun.

Á undanförunum mánuðum hafa allir innlendir greiningaraðilar um efnahagsmál, þ.á.m. Seðlabankinn, Hagstofan og viðskiptabankarnir, sem og alþjóðlegir aðilar eins og lánsmatshæfisfyrirtæki og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn, lýst því skýrt yfir að efnahagsbati Íslands muni byggja að stórum hluta á því hversu hröð viðspyrna ferðaþjónustunnar verður. Þessi skýra sýn hefur verið ítrekuð af forystufólki ríkisstjórnarinnar og í stefnumarkandi skjölum hennar, s.s. í fjármálaáætlun.

Enginn vafi leikur því á að öflugur stuðningur við hraða viðspyrnu ferðaþjónustunnar er eitt mikilvægasta efnahagsmálið við þessa fjárlagagerð. Í fyrsta lagi eru forsendur tekjuhliðar fjárlaga að stórum hluta byggðar á því að spár um fjölda ferðamanna (og þar með verðmætasköpun ferðaþjónustu) standist og í öðru lagi er ljóst að þeim mun fyrr sem ferðaþjónusta nær vopnum sínum á ný mun betur takast að lágmarka samfélagslegan kostnað vegna faraldursins.

Breytingatillögur Samtaka ferðaþjónustunnar við fjárlög ársins 2022 eru lagðar fram í þessu ljósi.

Virðingarfyllt



**Jóhannes Þór Skúlason**  
framkvæmdastjóri SAF